

### **Erasmus samstarfsverkefni um náttúrufræði og stærðfræði**

Álfhólsskóli tekur þátt í Erasmus-plus verkefni ásamt skólum frá Rúmeníu, Króatíu og Póllandi sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Viðfangsefni verkefnisins er að vinna með 13-15 ára nemendum í stærðfræði og náttúrufræði út frá upplýsingatækni í takt við breyttar áherslur 21 aldarinnar. Rannsóknir sýna að nemendur í dag hafi víðtæka þekkingu á ýmis konar tækni en hafi ekki alltaf færni til þess að nýta sér hana til fulls í námi. Nemendur hafa almennt áhuga á náttúrufræði og stærðfræði en eiga gjarnan í erfiðleikum með öðlast djúpstæða þekkingu og leikni í greinunum. Markmið verkefnisins eru m.a. gera nemendum kleift að kafa dýpra í náttúrufræði og stærðfræði með upplýsingatækni að vopni í samvinnu við fjölbreytilegan nemendahóp víðsvegar um heiminn. Markmið verkefnisins eru ekki síst að vekja áhuga nemenda á námi í náttúrufræði og stærðfræði, ýta undir forvitni þeirra um umheiminn og styrkja lærdómssamfélag þátttökulanda.